

Nd. 284. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um stofnun blaðamannaskóla.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigurður Bjarnason, Gils Guðmundsson,
Gylfi P. Gíslason, Einar Olgeirsson, Gísli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa stofnun blaðamannaskóla. Skal einkum athuguð sú leið að stofna til slíkrar kennslu við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Við undirbúning málsins skal haft samráð við háskólaráð og Blaðamannafélag Íslands.

Greinargerð.

Blöðin eru orðin mikið áhrifavald í menningu þjóðanna. Næst skólunum eiga þau mestan hlut að því að uppfræða mannkynið og móta skoðanir manna um andleg og veraldleg efni. Blöðin hafa mikil áhrif á meðferð móðurmálsins, á þróun tungunnar.

Ábyrgð blaðanna og þeirra, sem við þau vinna, er mikil. Það er sameiginleg nauðsyn þjóðfélagsins, blaðanna sjálfra og blaðamanna, að vel sé vandað til undirbúnings og menntunar fyrir þá, sem takast á hendur slíkt menningarhlutverk sem það á að vera að gerast blaðamaður.

Margar þjóðir hafa stofnað til skóla eða reglubundinna námskeiða fyrir blaðamenn. Á Norðurlöndum ber hæst í þessum efnum háskólann í Árósum í Danmörku. Síðan 1946 hefur þar verið haldið uppi fræðslu í blaðamennsku. Á 3. þingi Norðurlandaráðs 1955 kom fram tillaga um athugun á sameiginlegum námskeiðum fyrir blaðamenn á Norðurlöndum. Var tillögunni frestað til 4. þings ráðsins. Við Columbia-háskólann í New-York hefur verið blaðamannaskóli í rúma fjóra áratugi, og svo mætti lengi telja.

Flm. telja eðlilegt, að til slíkrar kennslu yrði stofnað við heimspekisdeild Háskóla Íslands. Meðal kennslugreina þyrftu að vera íslenska, bókmenntir, saga og fleiri almennar greinar, auk hinnar „faglegu“ kennslu, er beint lýtur að blaðamennsku.

Tillaga þessi hefur verið rædd við rektor Háskóla Íslands og formann Blaðamannafélags Íslands, og eru þeir báðir málinu hlynntir.